



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

17
03

20
22

býsk sálumessa



Velkomin

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tímalengd verka:

Les Offrandes oubliées: 12'

Pýsk sálumessa: 70'

Vinsamlegast athugið að ekki er gert hlé á þessum tónleikum.

Tónleikunum er úttvarpað beint á Rás 1.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube- og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.



@icelandsymphony / #sinfó



Stjórnarráð Íslands
Menningar- og viðskiptaráðuneytið



Reykjavíkurborg

Samstarfsaðili

Icelandair Hotels

Bakhjarl í flutningum

TVG-ZIMSEN

Stoltur bakhjarl



KVÍKA
Eignastýring

17|03

FIMMTUDAGUR
KL. 19:30

GULA RÖÐIN

Þýsk sálumessa

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Bertrand de Billy
hljómsveitarstjóri

Emily Pogorelc
einsöngvari

Jóhann Kristinsson
einsöngvari

Mótettukórinn

Hörður Áskelsson
kórstjóri

Söngsveitin Fílharmónía

Magnús Ragnarsson
kórstjóri

Efnisskrá

Olivier Messiaen
Les Offrandes oubliées
(Gleymdar fórnargjafir, 1930)
Krossinn – Syndin – Altarissakramentið

Johannes Brahms
Þýsk sálumessa
(Ein deutsches Requiem, 1865–1868)

Selig sind, die da Leid tragen
Denn alles Fleisch ist wie Gras
Herr, lehre doch mich
Wie lieblich sind deine Wohnungen
Ihr habt nun Traurigkeit
Denn wir haben hie keine bleibende Statt
Selig sind die Toten

For information in English about tonight's programme, please visit the Icelandic Symphony Orchestra's website:
en.sinfonia.is



Bertrand de Billy

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Franski hljómstjórinn Bertrand de Billy hefur náð frábærum árangri jafnt sem stjórnandi sinfóníutónleika og í óperuhúsum víða um heim. Hann fæddist í París og hefur starfað sem aðalstjórnandi m.a. við Liceu-óperuna í Barcelona (1999–2004) og Útvarpshljómsveit Vínborgar (2002–2010). Hann var einnig um árabil aðalgeststjórnandi Fílharmóníuhljómsveitarinnar í Dresden og Kammersveitarinnar í Lausanne.

Bertrand de Billy er eftirsóttur geststjórnandi framúrskarandi hljómstveita víða um heim. Hann hefur meðal annars stjórnað Cleveland-hljómsveitinni, Konzerthaus-hljómsveitinni í Berlín og Sinfóníuhljómsveit Bæverska útvarpsins auk þess að stjórna óperuflutningi m.a. við Metropolitan-óperuna í New York, Staatsoper í Vínborg og Berlín, La Monnaie í Brussel og Covent Garden í Lundúnum.

Bertrand de Billy hefur þrisvar sinnum áður stjórnað Sinfóníuhljómsveit Íslands á tónleikum við afar góðar undirtektir og gegnir stöðu aðalgeststjórnanda Sí frá 2021 til 2023. Meðal annars mun hljómstveitin flytja allar sinfóníur Johannesar Brahms á fernum tónleikum undir hans stjórn.



Emily Pogorelc

EINSÖNGVARI

Bandaríska sópransöngkonan Emily Pogorelc hefur hlotið mikið lof fyrir fagra rödd sína og innblásna túlkun. Á þessu starfsári syngur hún meðal annars hlutverk Adinu í Ástardrykknum og Musettu í La bohème við Bayerische Staatsoper, auk þess að syngja Cherubino í Brúðkaupi Fígarós við Glyndebourne-hátíðina. Einnig kemur hún fram á tónleikum með Camerata Salzburg og Fílharmóníusveitinni í Lúxemborg. Hún vann til verðlauna í Operalia-söngkeppninni árið 2021.

Áður hefur Pogorelc sungið fjölmörg hlutverk við Lyric Opera í Chicago auk þess sem hún hefur komið fram í Kennedy Center í Washington D.C. og við Glimmerglass-hátíðina. Pogorelc er fædd í Milwaukee, Wisconsin og stundaði nám við Curtis-tónlistarháskólann í Philadelphiu.



Jóhann Kristinsson

EINSÖNGVARI

Jóhann Kristinsson hóf söngnám hjá Bergþóri Pálssyni í Söngskólanum í Reykjavík. Hann stundaði meistaranám við Hanns Eisler-tónlistarháskólann í Berlín hjá Scot Weir og útskrifaðist þaðan með hæstu einkunn árið 2017. Hann hefur einnig m.a. notið leiðsagnar Thomasar Quasthoff, Júliu Várady, Thomasar Hampson og Kristins Sigmundssonar.

Jóhann hefur unnið til fjölda verðlauna fyrir söng sinn. Hann bar sigur úr býtum í alþjóðlegu söngkeppninni „Stella Maris“ og hlaut einnig sérstök verðlaun frá Musíkverein í Vínborg, þar sem hann keppti fyrir hönd Ríkisóperunnar í Hamborg. Jóhann hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin árið 2017 í flokkinum „Bjartasta vonin“ og var einnig tilnefndur fyrir tónlistarviðburð ársins og sem söngvari ársins. Jóhann hefur starfað með framúrskarandi hljómsveitarstjórum og komið fram með fjölda sinfóníuhljómsveita en þar má nefna Bæversku útvarpshljómsveitina, Sinfóníuhljómsveitina í Bamberg og Fílharmóníusveitirnar í Hamborg og Kaupmannahöfn.

Mótettukórinn

Mótettukórinn var stofnaður árið 1982 og hefur lengi verið meðal fremstu kóra landsins. Hörður Áskelsson hefur verið stjórnandi kórsins allt frá upphafi. Á verkefnalista kórsins má finna fjölmargar óratóríur, passíur og sálumessur en líka kórverk án undirleiks frá ýmsum tímum, auk þess sem kórinn hefur frumflutt fjölda íslenskra tónverka. Mótettukórinn hefur farið í margar tónleikaferðir, sungið í helstu dómkirkjum Evrópu og tekið þátt í tónlistarhátíðum á borð við Listahátíðina í Björgvin, Norrænu kirkjutónlistarhátíðina í Gautaborg og Wiener Festwochen í Vínaþborg. Kórinn hefur einnig tekið þátt í erlendum kórameppnum, síðast í strandborginni Jūrmala í Lettlandi haustið 2018. Hann vann til verðlauna í Alþjóðlegu kórameppninni í Cork á Írlandi árið 1996 og til þriggja gullverðlauna í keppninni Cançó Mediterrània á Spáni árið 2014 þar sem kórinn vann einnig verðlaun sem besti kór keppinnar.

Meðal stórverka sem Mótettukórinn hefur flutt má nefna *Messías* eftir Händel, *Matteuspassíuna*, *Jóhannespassíuna*, *Jólaóratóríuna* og Messu í h-moll eftir Bach, Requiem og Messu í c-moll eftir Mozart, óratóríurnar *Elía* og *Pál postula* eftir Mendelssohn, *Vesper* eftir Rakhmanínov, Messu fyrir tvo kóra eftir Frank Martin og *Þýska sálumessu* eftir Johannes Brahms. Kórinn hefur tvisvar verið tilnefndur til Íslensku tónlistarverðlaunanna; árið 2012 fyrir flutning á Níundu sínfóníu Beethovens og árið 2015 fyrir flutning á óratóríunni *Salómon* eftir Händel á Kirkjulistahátíð.

Söngsveitin Fílharmónía

Söngsveitin Fílharmónía var stofnuð árið 1960 af dr. Róbert A. Ottóssyni og öðru áhugafólki um flutning sigildra kórverka. Kórinn starfaði náðið með Sinfóníuhljómsveit Íslands fyrsta aldarfjórðunginn en síðan á eigin vegum. Að undanfögnu hefur verkefnum farið fjölgandi og kórinn hefur tekið til flutnings léttari tónlist af ýmsu tagi, auk hinna sígildu kórverka. Þá hefur Fílharmónía farið í tónleikaferðir og sótt kóramót víða um Evrópu við góðan orðstír, nú síðast til Flórens á Ítalíu. Árið 2014 hlaut kórinn tilnefningu til Íslensku tónlistarverðlaunanna fyrir flutning sinn á *Þýskri sálumessu* eftir Brahms.

Á undanförunum árum hefur Söngsveitin Fílharmónía meðal annars fjórum sinnum tekið þátt í Klassíkinni okkar með Sinfóníuhljómsveit Íslands, flutt *Requiem* eftir Mozart með Sinfóníuhljómsveit Norðurlands, Níundu sinfóníu Beethovens með Ungsveit Sinfóníunnar, tekið þátt í sýningum á *Hringadróttins sögu* með lifandi tónlist og sungið kórpartinn í *Evítu* og *Moulin Rouge* í vinsælum sýningum í Hörpu. Kórinn æfir nú *Requiem* eftir Verdi sem flutt verður í Langholtskirkju í apríl.



Olivier Messiaen

LES OFFRANDES OUBLIÉES

Franska tónskáldið Olivier Messiaen (1908–1992) var að sumu leyti á skjön við samtíma sinn. Mörg verka hans eru innblásin af einlægri trúarsannfæringu, á öld þar sem flestir kollegar hans höfðu snúið sér að veraldlegri efnun. Þegar hinn kaþólski Messiaen lauk námi við Tónlistarháskólann í París árið 1930 tók hann við stöðu organista í Þrenningarkirkjunni (Église de la Sainte-Trinité) og þar vermdi hann orgelbekkinn í rúma fimm áratugi.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Les Offrandes oubliées hefur tvisvar sinnum hljómað á tónleikum Sinfóníuhljóm-sveitar Íslands. Það hljómaði í Háskólabíói haustið 1983 undir stjórn Jean-Pierre Jacquillat og aftur í Eldborg haustið 2018; þeim flutningi stýrði Bertrand de Billy rétt eins og í kvöld.

Messiaen samdi *Les Offrandes oubliées* einmitt árið 1930, þá ekki nema tuttugu og tveggja ára gamall. Þetta var hans fyrsta hljómsveitarverk og í fyrsta sinn sem tónsmíð hans var flutt fyrir stóran áheyrendahóp. Í verkinu rekur hann hvernig hin mikla fórn Jesú Krists gleymist manningunum í syndavafstri sínu, en rifjast upp á ný með aðstoð helgisiða kirkjunnar og veitir þannig líkn og frið. Verkið heyrðist í fyrsta sinn í Théâtre des Champs Élysées í París í febrúar 1931 og vakti þegar athygli; einn gagnrýnandi hafði sérstaklega orð á því hve óvenjulegt væri að samtímatónlist byggji yfir svo mikilli tilfinningu og dýpt.

Verkið er í einum þætti sem skiptist í þrjá hluta innbyrðis. Messiaen lýsti sjálfur inntakinu svo: „*Krossinn*: tregróf í strengjum, harmrænar tónarunur þar sem stefnu er skipt í ójöfn lengdargildi. *Syndin*: hér birtist hún sem eins konar „kapphlaup í átt til glötunar“ á næstum því vérlænum hraða. Einnig bregður fyrir hvíslandi strengjatónum í glissandó og staðföstu lúðragjalli trompetanna. *Altarissakramentið*: langar og hægar hendingar í strengjum, með rauðum, gylltum og bláum litatónum (líkt og horft sé á steindan kirkjuglugga úr fjarlægð). Þetta er líkami minn, sem fyrir yður er gefinn; þetta er blóð mitt, úthellt fyrir yður.“



Johannes Brahms

BÝSK SÁLUMESSA

Johannes Brahms (1833–1897) var ekki trúrækinn maður. Nokkrum árum eftir að *Þýska sálumessan* var frumflutt sagði tónskáldið Antonín Dvořák örvæntingarfullur um vin sinn: „Þvílíkt mikilmenni! Þvílík sál! Og hann trúir ekki á neitt!“ *Ein deutsches Requiem*, eða *Þýska sálumessa*, er líka um margt einstakt verk. Textarnir eru ekki hinir latnesku sem tilheyra sálumessu kaþólskra og hafa verið tónsettir ótal sinnum, enda er hér um konsertverk að ræða, eftir höfund sem alinn var upp í mótmælendatrú. Brahms valdi sjálfur textana – sem sungnir eru á þýsku – úr gamla og nýja testamentinu og apókrýfu bókum Biblíunnar að auki. Textavalið miðaðist að hans sögn við þarfir tónlistarinnar fremur en guðfræðinnar, í þeim tilgangi að verkið gæti verið huggun þeim sem eftir lifa. „Maður gæti alveg eins tekið „Þýsk“ úr heitinu og sett „Mennsk“ í staðinn,“ sagði hann við kórstjórnann sem æfði verkið fyrir frumflutning þess.

Þýska sálumessan hefur einnig sérstöðu innan höfundarverks Brahms. Hún er lengsta tónverkið sem hann samdi um ævina og raunar eina verk hans sem tekur meira en klukkustund í flutningi. Brahms samdi aldrei óperu, óratóríu, passíu eða ball-ett, heldur málaði hann á smærri striga í hinum gömlu formum sífóníu, kammertónlistar og sönglaga. Flest stærri verk hans taka á bilinu 30–40 mínútur í flutningi, að undanskildum píanó-konsertunum tveimur sem eru nokkru lengri.

Christiane Brahms, móðir Johannesar, andaðist í febrúar 1865 og sonurinn tók fráfall hennar afar nærri sér. Tveimur mánuðum síðar hafði hann lokið við þrjá kafla *Þýsku sálumessunnar* (nr. 1, 2 og 4), og fleiri bættust við næstu mánuði. Það var þó ekki fyrr en í ágúst ári síðar sem hann taldi sig hafa fullgert sálumessuna sem þá taldi sex þætti. Hinir þrjú fyrstu voru fluttir í Vítnarborg í desember 1867 við misjafnar undirtektir. Brahms var umdeildur og ekki féll öllum við það hvernig hann í nýsköpun sinni vísaði í gömul tónlistarform og tónsmíðastíl barokksins. Sagt er að í Vítnarborg hafi hálfur salurinn fagnað ákaft á meðan hinn helmingurinn – þ.e. áhangendur Wagners og Liszts – hafi baulað bæði á tónskáld og flytjendur.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sinfóníuhljómsveitin hefur fimm sinnum áður tekið þátt í flutningi Þýsku sálumessunnar, fyrst með Söngsveitinni Fílharmóníu undir stjórn Róberts A. Ottóssonar árið 1961 og aftur 1966. Sir Charles Groves stjórnaði sálumessunni 1980 með Söngsveitinni Fílharmóníu og Takuo Yuasa með Kór Langholtskirkju 1996. Árið 2008 stjórnaði Johannes Fritzscher verkinu og þá enn og aftur með Söngsveitinni Fílharmóníu.

Af öðrum flutningi verksins á Íslandi má nefna tónleika Dómkórsins í Reykjavík árið 2005 þar sem sálumessan var flutt í útgáfu tónskáldsins fyrir kór og tvö píanó, flutning Söngsveitarinnar Fílharmóníu á gerð verksins fyrir kór, tvö píanó og pákur árið 2017, tónleika Mótettukórsins á Kirkjulistahátíð 2010 og Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands ásamt Kór Tónlistarskólans á Akureyri og Kór Akureyrarkirkju árið 1998.

Betur tókst til í dómkirkjunni í Bremen á föstudaginn langa 1868 þegar allir þættirnir sex voru fluttir að viðstöddum nánustu vinum tónskáldsins, fiðluleikaranum Joseph Joachim og píanóleikaranum Clöru Schumann. Clara ritaði í dagbók sína sama kvöld: „Sálumessan hafði dýpri áhrif á mig en nokkurt annað trúarlegt verk. Ég hef ekki fundið fyrir slíkri gleði lengi.“ Velgengni Þýsku sálumessunnar í Bremen markaði tímamót á ferli Johannesar Brahms, sem nú gat talist fullþroska tónskáld með fastmótaðan stíl, og hafði sannað að þær miklu væntingar sem bundnar höfðu verið við hann rúmum áratug fyrir áttu við rök að styðjast.

Þýska sálumessan var eigi að síður enn í móttun. Í maí 1868 bætti Brahms við enn einum kaflanum, sem varð sá fimmti í röðinni af sjö: *Ihr habt nun Traurigkeit*. Hér lokaði hann hringnum með því að tjá opinskátt í fyrsta sinn hvaðan innblásturinn að verkinu kom: „Eins og móðir huggar son sinn, eins mun ég hugga yður.“ Fyrsti heildarflutningur á þessari endanlegu gerð verksins fór fram í Leipzig 1869 með Gewandhaus-hljómsveitinni undir stjórn tónskáldsins Carls Reinecke.

Tónlistin er dæmigerð fyrir þann samruna eldri og nýrri strauma sem einkenna sköpun Brahms. Áhrif frá barokkmeisturunum Bach og Händel má greina í fornlegum fúgum (einkum í 2., 3. og 6. þætti), auk þess sem enn eldri höfundur, Heinrich Schütz, kemur upp í hugann. Meðferð Brahms á samspili hljómsveitar og kórs er einnig eftirtektarverð. Í fyrsta þætti dregur hann fram dökka liti hljómsveitarinnar með því að sleppa alfarið hljóðfærum á borð við fiðlur, piccoloflautu, klarínnett og trompeta. Tær og bjartur hljómur kórsins myndar þannig enn áhrifameiri andstæðu við þungbúið umhverfi hljómsveitarinnar, eins og sólargeisli sem brýst fram úr skýjabakka.

Annar þáttur verksins er hinn eini þar sem Brahms notar alla hljómsveitina í einu, og eftirtektarvert er hvernig drungaleg útfararstemning umbreytist skyndilega í bjartan fagnaðarsöng („Die Erlöseten des Herrn“). Fjórdi og fimmti þáttur eru einfaldari í sniðum en tónlistin sem umlykur þá á báða vegu, en Brahms þræðir skref sín til baka í þeim tveimur síðustu köflunum og gefur þannig verkinu sterka heildarmynd, eins konar bogaform. Dökkir litir í sjötta kafla kallast á við annan þátt sálumessunnar og lokapættinum lýkur með því að upphafstónar verksins snúa aftur. Yfirbragðið er þó bjartara en áður enda leika fiðlur og klarínnett með í friðsælum lokatöktunum.

Árni Heimir Ingólfsson

SÖNGTEXTAR

I. Selig sind, die da Leid tragen

Selig sind, die da Leid tragen,
denn sie sollen getröstet werden.

Die mit Tränen säen,
werden mit Freuden ernten.
Sie gehen hin und weinen
und tragen edlen Samen,
und kommen mit Freuden
und bringen ihre Garben.

II. Denn alles Fleisch ist wie Gras

Denn alles Fleisch, es ist wie Gras
und alle Herrlichkeit des Menschen
wie des Grases Blumen.
Das Gras ist verdorret
und die Blume abgefallen.

So seid nun geduldig, lieben Brüder,
bis auf die Zukunft des Herrn.
Siehe, ein Ackermann wartet
auf die köstliche Frucht der Erde
und ist geduldig darüber,
bis er empfahe
den Morgenregen und Abendregen.
So seid geduldig.

Aber des Herrn Wort
bleibet in Ewigkeit.

Die Erlöseten des Herrn
werden wieder kommen
und gen Zion kommen mit Jauchzen;
ewige Freude wird über ihrem Haupte sein;
Freude und Wonne werden sie ergreifen,
und Schmerz und Seufzen wird weg müssen.

Sælir eru syrgjendur,
því þeir munu huggaðir verða.
Matteusarguðspjall 5:4

Þeir sem sá með tárur,
munu uppskera með gleðisöng.
Grátandi fara menn
og bera sæðið til sáningar,
með gleðisöng koma þeir aftur
og bera kornbundin heim.
Davíðssálmur 126: 5–6

Því að allt hold er sem gras
og öll vegsemd þess
sem blóm á grasi.
Grasið skrælnaði
og blómið féll af.
Fyrri bréf Péturs 1:24

Þreyið því bræður
þangað til Drottinn kemur.
Sjá, akuryrkjumaðurinn bíður
eftir hinum dýrmæta ávexti jarðarinnar
og þreyir eftir honum
þangað til hann hefur fengið
haustregn og vorregn.
Verið því þolinmóðir.
Jakobsbréf 5:7

En orð Drottins
varir að eilífu.
Fyrri bréf Péturs 1:25

Hinir endurkeyptu Jahve
skulu aftur hverfa
og koma með fögnuði til Zionar;
og eilíf gleði skal leika yfir höfði þeim;
fögnuður og gleði skal fylgja þeim,
en hryggð og andvarpan flýja.
Jesaja 35:10

III. Herr, lehre doch mich

Herr, lehre doch mich,
dass ein Ende mit mir haben muss,
und mein Leben ein Ziel hat,
und ich davon muss.
Siehe, meine Tage sind
einer Hand breit von Dir,
und mein Leben ist wie nichts vor Dir.

Ach, wie gar nichts sind alle Menschen,
die doch so sicher leben.
Sie gehen daher wie ein Schemen,
und machen ihnen viel vergebliche Unruhe,
sie sammeln und wissen nicht
wer es kriegen wird.
Nun Herr, wes soll ich mich trösten?
Ich hoffe auf Dich.

Die Gerechten Seelen sind in Gottes Hand
und keine Qual rühret sie an.

IV. Wie lieblich sind deine Wohnungen

Wie lieblich sind deine Wohnungen,
Herr Zebaoth!
Meine Seele verlanget und sehneth sich
nach den Vorhöfen des Herrn;
mein Leib und Seele freuen sich
in dem lebendigen Gott.
Wohl denen, die in deinem Hause wohnen,
die loben dich immerdar!

V. Ihr habt nur Traurigkeit

Ihr habt nur Traurigkeit
aber ich will euch wieder sehen
und euer Herz soll sich Freuen,
und eure Freude soll niemand
von euch nehmen.

Ich will euch trösten,
wie eine seinen Mutter tröstet.

Sehet mich an:
ich habe eine kleine Zeit
Mühe und Arbeit gehabt
und habe grossen Trost funden.

Lát mig, Drottinn, sjá afdrif mín
og hvað mér er útmælt af dögum,
lát mig sjá,
hversu skammær ég er.
Sjá, örfáar þverhendur
hefur þú gjört daga mína
og æfi mín er sem ekkert fyrir þér.

Andgustur einn
eru allir menn,
sem tómur skuggi gengur maðurinn um,
þeir gera háreisti um hégómann einan,
hann safnar í hrúgur,
en veit eigi hver þær hlýtur.
Hvers vona ég þá, Drottinn?
Von mín er öll á þér.

Davíðssálmur 39:5–8

En sálir réttláttra eru í hendi Guðs
og engin kvöl fær snortið þær.

Speki Salómons 3:1

Hversu yndislegir eru bústaðir þínir,
Drottinn hersveitanna!
Sálu mína langaði til,
já hún þráði forgarða Drottins;
nú fagnar hjarta mitt og hold
fyrir hinum lifandi Guði.
Sælir eru þeir, sem búa í húsi þínu,
þeir munu framvegis lofa þig.

Davíðssálmur 84: 2, 3–5

Þér eruð nú hryggir í lund
en ég mun sjá yður aftur
og hjarta yðar mun fagna
og enginn mun taka fögnuð yðar
frá yður.

Jóhannesarguðspjall 16:22

Eins og móðir huggar son sinn,
eins mun ég hugga yður.

Jesaja 66:13

Sjáið með eigin augum;
Lítið þurfti ég að strita
en mikinn frið.
hef ég fundið.

Síraksbók 51:27

VI. Denn wir haben hie keine bleibende Statt

Denn wir haben hie keine bleibende Statt
sondern die Zukünftige suchen wir.

Siehe, ich sage euch ein Geheimnis.
Wir werden nicht alle entschlafen,
wir werden aber alle verwandelt werden;
und dasselbige plötzlich
in einem Augenblick,
zu der Zeit der letzten Posaune schallen,
und die Toten werden
auferstehen unverweslich;
und wir werden verwandelt werden.
Dann wird erfüllet werden
das Wort, das geschrieben stehet;
Der Tod ist verschlungen in der Sieg.
Tod, wo ist dein Schachel!
Hölle, wo ist dein Sieg!

Herr, Du bist würdig zu nehmen
Preis und Ehre und Kraft,
denn Du hast alle Dinge erschaffen,
und durch Deinen Willen
haben sie das Wesen
und sind geschaffen.

VII. Selig sind die Toten

Selig sind die Toten,
die in dem Herren sterben,
von nun an.
Ja, der Geist spricht,
dass sie ruhen von ihrer Arbeit;
denn ihre Werke folgen ihnen nach.

Því að vér höfum hér ekki borg er stendur,
heldur leitum vér hinnar komandi.

Hebreabréf 13:14

Sjá, ég segi yður leyndardóm:
Vér munum ekki allir sofna
en allir munum vér umbreytast
í einni svipan,
á einu augabragði,
við hinn síðasta lúður,
og hinir dauðu munu
upprísa óförgengilega
og vér munum umbreytast.
Þá mun rætast
orð það sem ritað er:
Dauðinn er uppsvelgdur í sigur.
Dauði, hvar er sigur þinn?
Dauði, hvar er broddur þinn?

Verður ert þú, Drottinn og Guð vor
að fá dýrðina og heiðurinn og máttinn,
því þú hefur skapað alla hluti
og fyrir þinn vilja
urðu þeir til
og voru skapaðir.

Opinberunarbókin 4:11

Sælir eru dánir,
þeir sem í Drottni deyja
upp frá þessu.
Já, segir andinn,
þeir skulu fá hvíld frá erfiði sínu,
því að verk þeirra fylgja þeim.

Opinberunarbókin 14:13

Á DÖFINNI

24|03

FIMMTUDAGUR
KL. 19:30



Mozart og Beethoven

Meistaraverk eftir tvö af dáðustu tónskáldum sögunnar hljóma í flutningi hljómsveitarinnar og frábærra tónlistarmanna sem báðir eru frá Grikklandi. Simos Papanas er einn fremsti fiðluleikari Grikklands og Kornilios Michailidis er staðarhljóm-sveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands í vetur. Sjöunda sinfónía Beethovens er ein sú fjörugasta sem hann samdi enda kallaði Richard Wagner hana „fullkomnun dansins“. Sérstökum vinsældum hefur annar kafli verksins náð, hrífandi stef með tregafullum undirtóni, en hann hljómaði meðal annars í kvikmyndinni The King's Speech. Mozart samdi fiðlukonserta sína á unglingsárum en þeir eru stórfenglegar tónsmíðar sem bera vott um mikla náðargáfu. Sá fimmti og síðasti í röðinni er einkar tilþrífamikill.

31|03

FIMMTUDAGUR
KL. 19:30



Hetjulíf

Ein Heldenleben eða Hetjulíf eftir Richard Strauss er eitt stórbrotnasta tónverk síðrómantíkur, samið fyrir risavaxna hljómsveit sem telur um hundrað manns. Það er aðalhljóm-sveitarstjórinn Eva Ollikainen sem heldur um tónsprotann. Stefan Dohr leikur hinn glæsilega hornkonsert nr. 2 eftir Strauss, saminn í Víðarborg árið 1942, eins konar kveðjuóður til gullaldar sem var að líða undir lok. Stefan hefur verið kallaður „konungur hornsins“ enda var hann ekki nema 25 ára þegar hann var valinn í stöðu fyrsta hornleikara í Fílharmoníusveit Berlínar og er ekki ofsögum sagt að hann sé goðsögn meðal málmblástursleikara. Tónleikarnir hefjast á verki eftir George Walker, sem var fyrsta svarta tónskáldið til að hljóta hin virtu Pulitzer-verðlaun í tónlist.

07|04

FIMMTUDAGUR
KL. 19:30



Páskatónleikar Sinfóníunnar

Gubaidulina samdi konsertinn *Sieben Worte* eða *Sjö orð*, fyrir bajaran, selló og strengjasveit, árið 1982, en við frumflutninginn í Moskvu lét hún ekkert uppi um trúarlega skírskotun verksins enda höfðu yfirvöld í Sovétríkjunum óbeit á kristinni trú. *Sjö orð* er meðal allra áhrifamestu verka Gubaidulinu og hljómar hér í flutningi harmóníkuleikarans Geirs Draugsvoll, sem hefur starfað náið með tónskáldinu um árabil, og Sigurgeirs Agnarssonar, fyrsta sellóleikara Sinfóníunnar.

Anton Bruckner var eitt trúræknasta tónskáld 19. aldarinnar og sífóníum hans hefur oft verið líkt við dómkirkjur í tónum. Þriðja sífónían var tímamótaverk á ferli Bruckners og í verkinu fann hann sína eigin mikilfenglegu rödd eftir áralanga leit. Eva Ollikainen, aðalstjórnandi Sífóníuhljómsveitarinnar, hefur sérstakt dálæti á verkum Bruckners og túlkar þau af innsæi og röggsemi.

28|04

FIMMTUDAGUR
KL. 19:30



Schumann og Schubert

„Hrein fullkomnun“ segir rýnir tímaritsins Gramophone um túlkun austurríska sellóleikarans Kian Soltani og The Times kallar hann „stórmerkilegan sellista“. Soltani vakti fyrst heimsathygli þegar hann vann fyrstu verðlaun í Paulo- sellókeppninni í Helsinki árið 2013. Síðan hefur ferill hans verið samfelld sigurganga, með tónleikum í Carnegie Hall og útgáfusamningi við Deutsche Grammophon. Á Íslandi leikur hann ljóðrænan og tilfinningaprunginn sellókonsert Schumanns, sem tónskáldið samdi undir lok ævinnar. Á tónleikunum hljómar einnig níunda sífónía Schuberts og heillandi hljómsveitarverk eftir rússneska tónskáldið Galinu Ustvolskayu, sem var nemandi Shostakovitsj og um skeið ástkona hans. Hljómsveitarstjóri er Eva Ollikainen.

17
03 20
22

Mótettukórinn

Hörður Áskelsson, kórstjóri

Sópran

Alís Heiðar
Anna Samúelsdóttir
Ásdís Kristmundsdóttir
Ásta Marý Stefánsdóttir
Bjarney Ingibjörg Gunnlaugsdóttir
Guðfinna Indriðadóttir
Guðrún Hólmgeirsdóttir
Halla Björgvinsdóttir
Halldóra Björk Friðjónsdóttir
Heiðrún Björt Sigurðardóttir
Larissa Weidler
María Konráðsdóttir
Sarka Wohlmuthová
Unnur Hjálmarsdóttir
Vilborg Magnúsdóttir
Þóra Björk Ólafsdóttir

Alt

Anna Lilja Torfadóttir
Arnbjörg Ösp Mattíasdóttir
Björg Sigurðardóttir
Halla Jónsdóttir
Helga Margrét Helgadóttir
Helga Sigríður Þórsdóttir
Herdís Hergeirsdóttir
Hildur Guðný Ásgeirsdóttir
Hrefna Sigurjónsdóttir
Katrín Sverrisdóttir
Kristín Bergsdóttir
Lenka Mátéová
Ragnheiður Þórdís Gylfadóttir
Valgerður Ólafsdóttir

Tenór

Andrés Narfi Andrésson
Hafsteinn Már Einarsson
Ingibjartur Jónsson
Ingvar Jón Bates Gíslason
Karl Friðrik Hjaltason
Magnús Pétursson
Óskar Völundarson
Sigurjón Jóhannsson
Víkingur Viðarsson

Bassi

Arnar Freyr Kristinsson
Atli Sævar Ágústsson
Eðvarð Ingólfsson
Eric Heinen
Gunnar Örn Gunnarsson
Hrólfur Gestsson
Ingólfur Jóhannesson
Jarred Stancil
Kjalar Martinsson Kollmar
Martin Kollmar
Ólafur Torfi Ásgeirsson
Snorri Sigurðsson
Sveinn Ingi Reynisson

17
03 20
22

Söngsveitin Fílharmónía

Magnús Ragnarsson, kórstjóri

Sópran

Anna Margrét Björnsdóttir
Ása Sjöfn Lórens dóttir
Ásdís Björk Kristjánsdóttir
Áslaug Anna Þorvaldsdóttir
Ásthildur Hanna Ólafsdóttir
Bryndís Jóhannesdóttir
Brynhildur Pálmarsdóttir
Dagný Arnalds
Dagný Björk Guðmundsdóttir
Elva Rakel Jónsdóttir
Harpa Hrudn Berndsen
Helga Kolbrún Magnúsdóttir
Hólmfríður Steinþórsdóttir
Jenny Pfeiffer
Jóhanna Hólmfríður Helgadóttir
Kristjana Skúladóttir
Margrét Ásgeirsdóttir
Margrét Wendt
Rúna Vala Þorgrímsdóttir
Sigríður Lilja Skúladóttir
Sólrun Jónsdóttir
Sunna Sturludóttir
Þuríður Skarphéðinsdóttir

Alt

Anna Herdís Pálsdóttir
Agnes Hlynisdóttir
Anna Herdís Pálsdóttir
Arna Kristín Sigfúsdóttir
Ásdís Ármannsdóttir
Ásdís Rósa Þórðardóttir
Ásthildur Erlingsdóttir
Bára Elíasdóttir
Guðlaug Kristjánsdóttir
Hildur Pétursdóttir
Hulda Hjartardóttir
Kristrún Helga Kristþórsdóttir
María Guðmundsdóttir
Pálína Sigurðardóttir
Ragna Bjarnadóttir
Ragnheiður Einarsdóttir
Sigbrúður Gunnarsdóttir
Sólrun Svava Skúladóttir
Una Strand Viðarsdóttir
Þóra Harðardóttir

Tenór

Arnór Bogason
Davíð Stefánsson
Egill Pálsson
Georg Haney
Guðmundur Gauti Kristjánsson
Gunnar Freyr Steinsson
Hákon Hákonarson
Hans Júlíus Þórðarson
Jósúa Theodórsson
Kristján Kristinsson
Márus Björgvin Gunnarsson
Ólafur Guðmundsson
Sigurður Þorkell Vignir Ómarsson
Þengill Ólafsson
Þorkell Heiðarsson
Þorkell Máni Þorkelsson
Þórsteinn Ágústsson
Þorsteinn Magni Björnsson

Bassi

Birgir Tryggvason
Björn Reynir Halldórsson
Guðjón Emilsson
Guðmundur Sigþórsson
Gunnar Þorgilsson
Haukur K. Bragason
Hrafnkell Orri Sigurðsson
Jóhannes Karl Karlsson
Jonas Koesling
Jónas Örn Helgason
Oddgeir Páll Georgsson
Óskar Ericsson
Páll Tómas Viðarsson
Pétur S. Gunnarsson
Sigurjón Halldórsson
Sverrir Már Sverrisson
Þórhallur Sigurðsson
Þorsteinn Þorsteinsson

*Kvika eignastýring veitir allhliða
fjármálaþjónustu með áherslu á langtímaárangur*



KVIKA

Eignastýring

17 03 20 | Sinfóníuhljómsveit 22 | Íslands

1. fiðla

Sigrún Eðvaldsdóttir,
konsertmeistari
Vera Panitch
Una Sveinbjarnardóttir
Zbigniew Dubik
Hildigunnur Halldórsdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Sólveig Vaka Eypórsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Pálína Árnadóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Pétur Björnsson
Olga Björk Ólafsdóttir
Lin Wei
Andrzej Kleina

2. fiðla

Páll Palomares
Gunnhildur Daðadóttir
Kristján Matthíasson
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Þórdís Stross
Ólóf Þorvarðsdóttir
Hlín Erlendsdóttir
Justyna Bidler
Margrét Þorsteinsdóttir
Sigrún Harðardóttir
Gróa Margrét Valdimarsdóttir

Víola

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Łucja Koczot
Sarah Buckley
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Guðrún Hrund Harðardóttir
Domen Kužnar
Guðrún Þórarinsdóttir
Ásdís Hildur Runólfssdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Margrét Theódóra Hjaltested

Selló

Sigurgeir Agnarsson
Steiney Sigurðardóttir
Bryndís Halla Gylfadóttir
Þórdís Gerður Jónsdóttir
Margrét Árnadóttir
Bryndís Björgvinsdóttir
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Guðný Jónasdóttir

Bassi

Xun Yang
Jacek Karwan
Hávarður Tryggvason
Þórir Jóhannsson
Xiaoyin Feng
Richard Korn

Flauta

Emilía Rós Sigfúsdóttir
Sólveig Magnúsdóttir
Martial Nardeau

Óbó

Julia Hantschel
Peter Tompkins
Matthías Nardeau

Klarínett

Arngunnur Árnadóttir
Grimur Helgason
Rúnar Óskarsson

Fagott

Bryndís Þórsdóttir
Eugénie Ricard
Brjánn Ingason

Horn

Asbjörn Ibsen Bruun
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Abel Pérez Armas

Trompet

Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson
Øyvind Lapin Larsen

Básúna

Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson
Ingibjörg Guðlaugsdóttir

Túba

Nimrod Ron

Harpa

Katie Buckley

Pákur

Soraya Nayyar

Slagverk

Steef van Oosterhout
Frank Aarnink
Ólafur Hólm Einarsson

Eva Ollikainen *aðalhljómsveitarstjóri* og *listrænn stjórnandi*
Bertrand de Billy *aðalgestastjórnandi*
Kornilios Michailidis *staðarhljómsveitarstjóri*
Daniel Bjarnason *listamaður í samstarfi*
Anna Þorvaldsdóttir *staðartónskáld*
Vikíngur Heiðar Ólafsson *staðarlistamaður*

Framkvæmda- og skrifstofuteymi

Lára Sóley Jóhannsdóttir *framkvæmdastjóri*
Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*
Halla Oddný Magnúsdóttir *viðburða- og skipulagsstjóri/í orlofi*

Valdís Þorkelsdóttir *viðburða- og skipulagsstjóri*
Jökull Torfason *verkefnastjóri viðburða*
Hjördís Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*
Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*
Inga María Leifsdóttir *markaðs- og kynningarfulltrúi*
Svanhvít Hrólfssdóttir *fjármálastjóri*
Kristbjörg Clausen *nótnavörður*
Larissa Weidler *umsjónarmaður nótna*
Hrafnhildur Árnadóttir *Hafstað umsjónarmaður nótna*
Sigþór J. Guðmundsson *verkefnastjóri sviðs- og tæknimála*
Björk Björgúlfssdóttir *sviðsmaður*



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

05|05

FIMMTUDAGUR
KL. 19:30

TÓNLEIKAKYNNING
KL. 18:00

VÍKINGUR OG JOHN ADAMS

Eitt frægasta tónskáld Bandaríkjanna
stjórnar tónlist sinni á Íslandi í fyrsta sinn.

Efnisskrá

John Adams

Short Ride in a Fast Machine
Must the Devil Have All the Good
Tunes?, píanókonsernt
Harmonielehre

John Adams

Hljómsveitarstjóri

Víkingur Heiðar Ólafsson

Einleikari

Miðasala
sinfonia.is

Sími
528 5050

